

12. júní 2018

Tilkynning frá Aðföngum

Rannsóknir hafa leitt í ljós að hráefnið sem notað er í Himneskt Lífrænar chlorella-töflur inniheldur náttúrulegt súlfít. Magn súlfíts í töflunum er meira en 10 mg/kg og því vilja Aðföng upplýsa neytendur, sem kunna að vera viðkvæmir fyrir súlfít, um niðurstöður rannsókna.

Súlfít í styrk yfir 10 mg/kg er skilgreint sem ofnæmis- eða óþolsvaldur. Með hliðsjón af neytendavernd hafa merkingar vörunnar verið bættar með orðunum „Varan inniheldur náttúrulegt súlfít“. Jafnframt vilja Aðföng ráðleggja þeim einstaklingum sem viðkvæmir fyrir súlfít að neyta vörunnar ekki.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: *Himneskt Lífrænar Chlorella-töflur*

Strikamerki: 5690350052610

Nettómagn: 300 töflur/pakka

Best fyrir dagsetning: *Allar dagsetningar*

Viðskiptavinum Bónus og Hagkaups sem keypt hafa vöruna og eru viðkvæmir fyrir neyslu súlfíts er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

